

Fáliðunaráætlun Arkarinnar

Verklag

Fáliðun í leikskólanum telst vera þegar of fáir starfsmenn eru við vinnu miðað við fjölda barna hverju sinni í skólanum. Miðað er við að barngildi fari ekki yfir 8 á hvern starfsmann á meðan unnið er eftir skipulagðri dagskrá samkvæmt dagskipulagi.

Fáliðun er fundin út með reiknilíkani sem reiknar út hlutfall starfsmanna og barna á hverjum tíma dagsins. Ef starfsmenn á deild reynast of fáir miðað við barnafjölda er ekki tekið á mót ákveðið mörgum börnum eða ákveðið mörg börn send heim samkvæmt sérstöku kerfi. Reynt er að tilkynna foreldrum um skerðingu á dvalartíma með eins löngum fyrirvara og kostur er. Leikskólastjóri er búinn að útbúa hópaskiptingu sem farið er eftir þegar senda þarf börn heim vegna manneklu.

Áður en gripið er til skerðingar á dvalartíma skoða skólastjórnendur samsetningu hópsins og fara yfir hvernig mögulega mætti hagræða skipulagðri starfsemi og kjarasamningsbundnum undirbúningstímum kennara.

Allir starfsmenn leikskólans vinna saman og aðstoða við það sem þarf og allir ganga í þau störf sem mikilvægast er að manna.

1. Starfsfólk leysir af milli deilda.
2. Starfsmenn sérkennslu leysa af.
3. Aðstoðarleikskólastjóri leysir af
4. Leikskólastjóri leysir af
5. Börn send heim til að tryggja öryggi barna og að leikskólinn geti sinnt kennsluhlutverki sínu samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla 2011 fyrir þau börn sem eru í skólanum hverju sinni. Einnig er hlutverk áætlunarinnar að fyrirbyggja aukið álag á starfsmenn leikskóla.

Þeir sem vinna hlutastörf bæta við sig og fá greitt í yfirvinnu / frítöku.

Efsú neyðarstaða kemur upp að ekki er möguleiki á að taka á mót öllum börnum skólans hluta úr degi eða heilan dag er farið eftir hópaskiptingum hvaða nemendur skulu vera heima. Byrjað er á að senda börn heim sem eru í hópi 1 og svo koll af kolli eftir því hve mörg börn þarf að senda heim hverju sinni. Næsta skipti er síðan haldið áfram eftir listanum þar sem frá var horfið síðast. Þegar um systkini er að ræða eru þau í sama hópi. Til að koma í veg fyrir frekari skerðingu skulu börn starfsmanna Arkarinnar ekki send heim.